

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 301 27. júlí 1978, um skírteini gefin út af flugmálastjórn.

1. gr.

Grein 1.2.4.5. orðist svo:

Sætti umsækjandi sig ekki við niðurstöðu læknisskoðunar getur hann áður en 14 dagar eru liðnir leitað úrskurðar þriggja manna nefndar sem í eiga sæti trúnaðarlæknar samgönguráðuneytis, hagsmunafélags umsækjanda eða læknir tilnefndur af honum sé téður umsækjandi ófélagsbundinn og læknir tilnefndur af landlækni.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 34. 21. maí 1964 um loftferðir, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 27. júlí 1983.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

21. júlí 1983

Nr. 592

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Á húsagötu vestan megin Grensásvegur verður einstefnuakstur til suðurs.
 2. Á húsagötu austan megin Grensásvegur verður einstefnuakstur til norðurs. Bifreiðastöður verða leyfðar þar beggja vegna akbrautar, skástæði að austanverðu en langstæði að vestanverðu.
 3. Á húsagötu meðfram Síðumúla verður einstefnuakstur til norðurs.
 4. Heimilt verður að aka frá bifreiðastæðinu Austurstræti 2 til norðurs um Aðalstræti.
 5. Bifreiðastöður verða leyfðar við Túngötu að sunnanverðu milli Hofsvallagötu og Hólavallagötu, að hluta til uppi á gangstétt.
 6. Einstefnuakstur verður á Ránargötu til austurs frá Ægisgötu að Garðastræti. Heimilt verður að leggja bifreiðum beggja vegna götunnar á sama kafla.
 7. Bifreiðastöður verða bannaðar á 12 m kafla á sunnanverðri Leifsgötu til austurs frá húsalínu Barónsstígs.
- Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 5. ágúst n.k.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 21. júlí 1983.

Sigurjón Sigurðsson.